



Reglur Skagafjarðar um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni samkvæmt lögum nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

1.gr.

Tilfni/lagagrundvöllur

Samkvæmt 16. gr. laga nr. 38/2018 skulu sveitarfélög bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla, sbr. 33. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008, og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla.

2. gr.

Inntak/Markmið

Markmiðið er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eiga kost á frístundaþjónustu yfir daginn á starfstíma skóla, í skólafríum og á prófatímum þegar hefðbundnir skóladagar eru stuttir. Auk þess er frístundaþjónusta í boði þegar starfstíma skóla lýkur að vori og þar til nýtt skólaár hefst. Þau börn sem eiga rétt á þjónustu á grundvelli þessara reglna eiga rétt á sumarorlofi og skal tekið mið af því við gerð þjónustuáætlunar um frístundaþjónustu sbr. reglur þessar. Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt, almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður viðkomið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístunda- og tómsundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali með það að markmiði að efla félagsfærni og sjálfstæði.

3. gr.

Ábyrgð

Þverfaglegt þjónustuteymi, undir forystu félagsmálastjóra og frístundastjóra, hefur það hlutverk að útfæra þjónustuna, tryggja samfellu og gæði hennar og hafa samráð sín í milli um fjárhagslega umsýslu þjónustunnar.

4. gr.

Skráning/umsóknir

Sótt er um þjónustu í gegnum Íbúagátt sveitarfélagsins. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal hafa samvinnu og samráð við umsækjanda.



Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf. Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja stuðning strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrir séð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um önnur úrræði á biðtíma. Með umsókninni skal fylgja upplýst samþykki foreldra/forráðamanna fyrir samþættri þjónustu, félags-, fræðslu- og frístundaþjónustu.

Við mat á umsókn skal tekið mið af:

- Fyrirliggjandi greiningu á fötlun nemandans frá viðurkenndum greiningaraðilum.
- Mati á stuðningsþörf (SIS) frá Ráðgjafar- og greiningarstöð
- Mati á náms- og félagslegri stöðu nemandans, félagslegri þátttöku og líðan.
- Óskum foreldra og nemanda að teknu tilliti til aldurs og þroska.
- Mati á heildrænni þjónustubörf og réttindum í samræmi við 2. og 5. gr. leiðbeininga Félagsmálaráðuneytis um framkvæmd frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sbr. 16 gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

5. gr.

Framkvæmd þjónustu

Starfsmenn frístundaþjónustu sinna þjónustunni sem er samþætt við aðra frístundaþjónustu eftir því sem við á. Sérfræðingar á fjölskyldusviði sinna fræðslu til starfsmanna. Markmið þjónustunnar er að veita notendum þjónustunnar ~~gefist~~ tækifæri til þess að eiga félagsleg samskipti, jafnt í skipulögðu starfi sem frjálsum leik, við önnur börn eftir að skóladegi lýkur. Leitast verður við að bjóða uppá skipulagt frístundastarf við hæfi hvers og eins.

6. gr.

Þagnarskylda

Starfsmenn undirgangast þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu lýkur.

